



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 13. desember 2021

USK21120080

Innkaupa-og framkvæmdaráð

*Verkefnisstjóri Vogabyggðar - Ráðgjöf - Útboð nr. 14701, des. 2019.*

Lagt er til við innkaupa og framkvæmdaráð að ráðgjafasamningur við Hnit verkfræðistofu hf. vegna „*Verkefnisstjóri Vogabyggðar - Ráðgjöf - Útboð nr. 14701*“ verði framlengdur til 31. desember 2022.

Um að ræða seinni framlengingu en skv. 2. gr. samnings er heimild til framlengingar í eitt ár í senn tvisvar sinnum. Upphæð framlengingar nú til eins árs er kr. 8.680.000,- auk verðbóta.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:  
Afrit af ráðgjafasamningi

Undirritaðir aðilar, annars vegar Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar kt. 570480-0149 sem verkkaupi og hins vegar Hnit verkfræðistofa hf., kt. 510573-0729, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík sem ráðgjafi, gera með sér svo hljóðandi

## Verksamningur um Verkefnisstjóra Vogabyggðar - Ráðgjöf

### 1. gr.

#### Samningsverkið.

Um er að ræða starf verkefnastjóra vegna enduruppbyggingar í nýrri Vogabyggð í Reykjavík nánar tiltekið Vogabyggð 1, 2 og 5. Verkefnastjóri Vogabyggðar mun heyra undir verkefnastjóra hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar (USK) sem stýrir verkefniinu fyrir USK.

Sjá nánar gr. 0.1.3 LAUSLEGT YFIRLIT YFIR VERKIÐ, í útboðs- og verklýsingu.

Verk þetta skal vinna samkvæmt eftirtöldum gögnum:

1. *Útboðs- og verklýsingu nr. 14701 Verkefnisstjóri Vogabyggðar - Ráðgjöf*, dags. í desember 2019.
2. *Viðauka 1*, dags. 6. desember 2019.
3. *Viðauka 2*, dags. 11. desember 2019.
4. *Viðauka 3*, dags. 12. desember 2019.
5. *Tilboðsskrá ásamt undirrituðu tilboðsblaði bjóðanda*, dags. 19. desember 2019.
6. *Íslenskum staðli - ÍST-30 og ÍST 35*, gildandi útgáfur við opnun tilboða.
7. *Öðrum stöðlum og gögnum*, sem vísað er til í ofantöldum gögnum.

og eru nefnd gögn hluti af samningi þessum.

Auk þess skal ráðgjafi vinna eftir gögnum útgefnum á verktíma í samræmi við útboðs- og verklýsingu og verða þau þá hluti af samningi þessum.

### 2. gr.

#### Verktími og féviti

Ráðgjafi skal ljúka öllu verki sínu á tilskildum tíma samkvæmt TILBOÐSBLAÐI og gr. 0.1.7 FRAMKVÆMDARTÍMI - VERKLOK í útboðs- og verklýsingu.

Tímarammi verkefnis er áætlaður frá 1. janúar 2020 til loka desember 2020. Verktími er því 12 mánuðir. Hægt verður að framlengja samninginn um eitt ár í senn tvisvar sinnum.

Verklök eru: 31. desember 2020.

### 3. gr.

#### Greiðslur og greiðslufyrirkomulag

Fyrir framangreint verk ber verkkaupa að greiða ráðgjafa samkvæmt tilboði hans kr. 8.680.000, áttamilljónirsexhundruðogáttatfubúsund með þeim breytingum sem leiða kunna af ákvæðum samningsgagna.

Ráðgjafi skal gera reikning fyrir verkið í samræmi gr. 0.5.1 GREIÐSLUR, MAGNTÖLUR OG REIKNINGSSKIL og gr. 0.5.2 VERBLAGSGRUNÐVÖLLUR í útboðs og verklýsingu.

Reikninga skal stíla á:

- Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, kt. 570480-0149, b.t. Borgarbókhalds, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

### 5. gr.


#### Ýmis ákvæði

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila. Fylgiskjöl með samningnum, sem eru hluti hans, eru talin upp í 1. gr. samnings þessa.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


Reykjavík, 14 / 1 / 2020

Verkaupi:



F.h. Umhverfis- og skipulagssviðs  
Reykjavíkurborgar

Ráðgjafi:



F.h. Hnits verkfræðistofu hf.

Vitundarvottar:

